


22. ágúst 2024

Varðar: fyrirspurn – vogahverfi, Nökkvavogur 23 og Langholtsvegur 172

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lögð fram fyrirspurn Braga Baldurssonar, dags. 27. júní 2024, um breytingu á deiliskipulagi Vogahverfis vegna lóðarinnar nr. 23. við Nökkvavog sem felst í að stækka lóðina inn á lóð nr. 172 við Langholtsveg. Um er að ræða lóðarskika sem er á milli lóðanna að Nökkvavogi 23 og Langholtsvegi 174 þar sem innkeyrsla er sýnd inn á lóð að Langholtsvegi 172 á gildandi deiliskipulagi. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd þar sem svæði er merkt.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd tekin úr borgarvefsjá

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Nökkvavogi 23 og Langholtsvegi 172 borgarhluta 4 Laugardalur og er á skilgreindu íbúðasvæði ÍB27 Vogar.

Deiliskipulag: Í gildi deiliskipulag Vogahverfis, samþykkt 1. september 2010, með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá innkeyrslu að Langholtsvegi 172 sem skilgreind er í deiliskipulagi en hefur ekki verið notuð sem slík keypta af Langholtsvegi 172 og sameinuð lóðinni að Nökkvavogi 23. Lóðarhafar lóðanna að Nökkvavogi 23 og Langholtsvegi 172 verða báðir að samþykkja breytingu á lóðamörkum.

Reykjavíkurborg tekur jákvætt í að lóðarhafar láti vinna breytingu á deiliskipulagi þar sem lóðamörkum er breytt og innkeyrsla tekin í burtu.

Samþykki lóðarhafa Langholtsvegjar 172 er forsenda þess að breyting á lóðamörkum nái fram að ganga.

Möguleg breyting á lóðarmörkum krefst samþykki allra aðliggjandi lóðarhafa.

Niðurstaða

- ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að lóðarhafar láti vinna breytingu á deiliskipulagi á eigin kostnað vegna breytinga á lóðamörkum.
- Lóðarhafi lóðarinnar að Nökkvavogi 23 skal hafa samráð við lóðarhafa lóðarinnar að Langholtsvegi 172 vegna málsins.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur,
Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
Verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.